

# INRV1IR05

*Búið til: Mon, 07 Sep 2015 09:34:11 GMT*

## Titill

Inngangur að réttarvísindum

## Skammstöfun

INRV1IR05

## Útgáfunúmer

1

## Námsgrein

Inngangur að réttarvísindum

## Viðfangsefni

Inngangur að réttarvísindum

## Staða

Samþykkt af skóla

## Þrep

1

## Einingafjöldi

5

## Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

## Lýsing

Réttarvísindi, sönnunargögn, fingraför, efnagreiningar, eiturylf/eiturefni, blóð og DNA. Farið verður yfir grunninn að réttarvísindum. Farið yfir nokkur af hinum margvíslegu sönnunargögnum sem að hægt er að safna á vettvangi glæps, t.d. jarðveg, hár, þræði, blóð og svo framvegis. Farið er yfir hvernig sönnunargögnin eru rannsökuð og hvernig fingraför eru tekin. Þá verður farið í helstu þætti efnagreiningar sem notaðir eru í réttarvísindum. Skoðað verður blóð og DNA. Einnig verður farið í blóðslettur og greiningar á þeim. Þá verða skoðuð gömul glæpamál.

## Forkröfur

## Þekkingarviðmið

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- grunnathriðum réttarvísinda
- helstu sönnunargögnum sem safnað er
- hvernig fingraför eru tekin
- blóði og DNA
- blóðslettum og greiningu á þeim.

## Leikniviðmið

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- framkvæma verklegar æfingar og vinna úr niðurstöðum þeirra
- finna sönnunargögn
- taka fingraför og lesa úr þeim
- skoða blóðslettur og greina þær.

## Hæfniviðmið

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og bera ábyrgð á eigin námsframvindu
- vinna í hóp til þess að auka skilning á fyrirbærum og ferlum í réttarvísindum
- sjá notagildi réttarvísindanna.

## Námsmat

Í áfanganum er leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

**Skólar**

**Fyrirmynd**